

### 1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1 Reglur þessar eru settar á grundvelli 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.
- 1.2 Reglur þessar kveða á um framkvæmd innri endurskoðunar hjá NTÍ.

### 2. Innri endurskoðunardeild

- 2.1 Vegna smæðar í yfirbyggingu NTÍ er ekki grundvöllur fyrir því að starfrækja sérstaka innri endurskoðunardeild innan veggja NTÍ.
- 2.2 Leitað er tilboða og samningur gerður við aðila á grundvelli þeirra, til að annast innri endurskoðun hjá NTÍ

### 3. Endurskoðunarnefnd

- 3.1 Endurskoðunarnefnd leggur fram tillögu til stjórnar um val á innri endurskoðanda.
- 3.2 Endurskoðunarnefnd sér um eftirlit og samskipti við innri endurskoðanda.

### 4. Fyrirkomulag innri endurskoðunar

- 4.1 Innri endurskoðandi skilar endurskoðunaráætlun til Endurskoðunarnefndar.
- 4.2 Endurskoðunarnefnd getur óskað eftir að sérstök atriði séu til skoðunar og skal taka tillit til þeirra við gerð endurskoðunaráætlunar.

### 5. Niðurstöður innri endurskoðunar

- 5.1 Innri endurskoðandi kynnir niðurstöður úr innri endurskoðun fyrir endurskoðunarnefnd með skriflegum hætti.
- 5.2 Endurskoðunarnefnd skjal fjalla um skýrslu innri endurskoðanda og gera stjórn grein fyrir niðurstöðu innri endurskoðunar.

### 6. Úrbætur vegna athugasemda

- 6.1 Innri endurskoðandi skal gera skriflega grein fyrir athugasemdum í innri endurskoðunarskýrslu.
- 6.2 Framkvæmdastjóri gerir tillögur að úrbótum og tímamörkum og kynnir fyrir endurskoðunarnefnd.
- 6.3 Framkvæmdastjóri getur falið öðrum að framkvæma úrbætur en ábyrgð á úrlausn þeirra er hjá framkvæmdastjóra.
- 6.4 Upplýsingar um framvindu úrbóta vegna athugasemda skulu kynntar a.m.k. tvisvar á ári fyrir endurskoðunarnefnd.

### 7. Breytingar á reglum um innri endurskoðun

- 7.1 Til breytinga á reglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn NTÍ þann 22. nóvember 2012 og tóku gildi sama dag.